

S T A R F S S K Ý R S L A 1 9 5 7.

Ég starfaði á skrifstofu skógræktarstjóra frá ársbyrjun til loka aprílmánaðar og svo aftur frá 15. október til ársloka. Hafði ég á hendi afgreiðslu á fræi til gróðrarstöðvanna og svo girðingar-efni eins og undanfarin ár.

Um verkefni á Suðvesturlandi skal þetta greint:

Girðingar:

Girðingum Skógræktar ríkisins var haldið við, svo sem kostur var. Engar nýjar girðingar voru settar upp, sem eru eign Skógræktar ríkisins. En aðstoð og margvísleg fyrirgreiðsla var veitt mörgum aðilum í þessu efni í samvinnu við Skógræktarfélag Reykjavíkur. Má þar til nefna girðingu hjá Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar, Skógræktarfélagi Mosfellssveitar, Skógræktardeildinni í Grindavík, girðingu Jóns Loftssonar við Seyðishóla í Grímsnesi, girðingu við Álftavatn og girðingu við Jörukleif í Þingvallasveit. Lengd þessara skógræktargirðinga, sem girtar voru í sumar á Suðvesturlandi eru um 13 km. en auk þessa girti Skógræktarfélag Reykjavíkur tæpa 9 km. um Vífilsstaðaland sem tekið var til friðunar s.l. haust og bætist við Heiðmörk.

Gróðursetning: 1957

Í skóglendi Skógræktar ríkisins var gróðursett sem hér segir:

Í Haukadal:

500 rauðgreni 2/2	Rana	
200 rauðgreni 2/2	Örstavik	
100 blágreni 3/3	Colorado	2025
200 hvítgreni 2/3	Knik River	
700 sitkagreni 2/2	MacLeod	2025
300 stafafura 3/0	Skagway	2025

2000

2.000

*Mýr lítt
Klemmason*

Að Laugarvatni:

600 skógarfura 2/2	Sjomen	
300 skógarfura 2/2	Troms strönd	
200 rauðgreni 2/2	Umeå	
250 rauðgreni 2/2	N- Helgeland	
200 sitkagreni 2/2	MacLeod	
250 sitkabastarður 2/2	Lawing	
1.000 bergfura 3/0	Örstavik	2 800

Að Þingvöllum:

Í reit Vestur-Íslendinga (við Hrafnagjá):

300 rauðgreni 2/2	N- Helgeland	
200 blágreni 2/3	Colorado	
300 sitkabastarður 2/2	Lawing	
200 bergfura 3/0	Örstavik	1 000

Að Þingvöllum (- frh):

í furulundinn:

200 blágreni 2/2	Colorado	5800
300 sitkabastarður 2/2	Lawing	500

í Straum gróðursettu landnemar:

700 skógarfurur 2/2		
900 sitkagreni 2/2		
1.000 bergfura 3/0		2700
100 blágreni 2/2		
		<hr/>
		9000

Skjólbelti:

Hafist var handa um ræktun skjólbelta í tilraunaskyni á tveim stöðum í Borgarfirði, á Hvítárbakka og Hvanneyri, en leiðbeiningar og nokkur aðstoð veitt við gróðursetningu skjólbelta á Kletti í Borgarfirði og að Þórustöðum í Ölfusi.

Á Hvítárbakka var gróðursett um 670 metra langt skjólbelti í 6 röðum. Bil milli raða var haft 1,25 m. Skjólbelti þetta er á skurðbakka *stefna A-V*. Gróðursett var í mjög vel unninn mýrarjarðveg. Hafði skurðruðningurinn verið sléttaður út með ýtu fyrir tveimur árum og síðan herfaður og tættur vorið 1956 og borinn í húsdýra-áburður að nokkru leyti, en vinnslu lokið með tættara rétt áður en gróðursetning hófst 1957.

Trjátegundum er raðað niður, sem hér segir:

1. röð: 250 viðja 0/2
840 þingvíðir 0/2
250 gulvíðir 0/2
2. röð: 335 birki 2/2
26 álmur 2/2
279 rosa rugosa 0/2
279 birki 3/0
3. röð: 200 hvítgreni 2/2 Moose Pass
305 sitkagreni 2/2 MacLeod
165 sitkagreni 2/2 Seward
4. röð: 470 sitkagreni 2/2 Seward
200 hvítgreni 2/2 Moose Pass
5. röð: 335 birki 2/2
335 birki 3/0
6. röð: 750 þingvíðir 2/0
250 viðja 2/0
250 gulvíðir

Samtals voru gróðursettar í þetta belti 5.270 trjáplöntur. Raðirnar eru taldar frá skurðbakka og niðurröðun plantna ávalt að austan nema í 5. röð þar var önnur hvor planta birki 3/0 en hin 2/2. Millibil plantna í 1. og 6. röð er 0.5 m. en í hinum röðunum 1 m. Borið var sauðatað í hverja holu sem gróðursett var í. Illgresi kom lítið upp í skjólbeltinu, en í ágústmánuði var tætt með garðtætara

milli raða og hreinsað með sköfu milli plantna. Í nóvemberbyrjun voru settar upp skjólgrindur úr timbri, tvær lengjur eftir endilöngu skjólbeltinu, önnur í bilið milli 4. og 5. raðar en hin milli 2. og 3. raðar. Plönturnar döfnuðu vel í sumar og vanhöld voru sama og engin.

Á Hvanneyri var gróðursett skjólbelti á tvo vegu um tilraunareit fyrir norðanátt og austanátt. Lengd skjólbeltis samtals um llo m. Gróðursettar voru 6 raðir, og er niðurröðun trjáplantna svipuð og á Hvítárþakka. Samtals voru gróðursettar 904 trjáplöntur eftirtalinna tegunda:

226 gulvíðir o/2
86 víðja o/2
140 þingvíðir o/2
113 birki 3/o
113 birki 2/2
226 sitkagreni 2/2

Að hverri plöntu var borinn húsdýraáburður, en ennfremur var gerð tilraun í 4 liðum með vaxandi skammt af fosfórsýruáburði til samanburðar við venjulegan skammt 270 kg. P₂O₅ á ha. Tilraun þessi er gerð af Magnúsi Óskarssyni tilraunastjóra á Hvanneyri og verður án efa fróðlegt að sjá hver árangur verður af henni. Jarðvegur þarna er vel unninn og þurrkaður mýrarjarðvegur. Sýrustig er rösklega 5 p.h.

Vanhöld á trjáplöntum urðu heldur meiri á Hvanneyri en á Hvítárþakka eða 6 - 7 %.

Eins og fyrr greinir var veitt aðstoð við gróðursetningu og skipulag skjólbelta að Kletti í Borgarfirði og að Þórustöðum í Ölfusi. Í skjólbelti á Þórustöðum voru afhentar eftirtaldar trjáplöntur:

100 sitkagreni 2/2
150 birki 2/2
1.000 birki 3/o
10 reynir 2/2
150 víðja

Ferðalög:

Eins og venjulega fór ég margar ferðir til leiðbeininga um Suðvesturland. Ég flutti erindi um skjólbelti og sýndi litmyndir til skýringar á Ungmennafélagsmóti á Húsatóftum í aprílmánuði og á deildarfundi í Skógræktarfélagi Árnesinga að Selfossi í maí.

Um mánaðamótin júní - júlí fór ég með B. Steenstrup deildarstjóra í Danska Heiðafélaginu og konu hans til Hallormsstaðar með viðkomu á Vöglum og víðar á Norðurlandi og svo síðar austur á aðalfund Skógræktarfélags Íslands að Kirkjubæjarklaustri.

Vegna skjólbelta tilrauna fór ég margar ferðir upp í Borgarfjörð á árinu.

Binnar E. Gunnarsson